

10. Brjef innanríkisráðherrans til konungsfulltrúa, Melsteðs amtmanns, um leyfi til að sigla upp Krossvík á Akranesi.

1855.
23. apríl.

Eins og herra amtmanninum er kunnugt, er hið sjerstaka leyfi til að sigla upp Krossvík á Akranesi, er seinast var veitt með konungsúrskurði 2. marz 1853, á enda við lok ársins 1854.

Stjórnin hefur því tekið það til skoðunar, hvort að nú ætti aptur að endurnýja siglingarleyfi þetta. Þetta þótti samt hvorki nauðsynlegt eða eiga við, því aðalhagnaður sá, er sveitamenn þar í kring, nú sem stendur, hafa af siglingarleyfi þessu, er fenginn með leyfi því, er fastakaupmönnum á Íslandi er veitt í opnu brjefi 19. maí f. á. að sigla á aðra staði á landinu en hin löggildu kaптún, bæði til að flytja þangað vörur og selja innbúum ýmsar vörutegundir, o. s. frv.

Eftir hinu sjerstaka siglingarleyfi síðan 1850 var það að vísu einnig leyft dönskum lausakaupmönnum að sigla á áður nefndan stað til verzlunar í júní mánuði, en það leyfi gefst nú eigi lengur, en það þótti því síður ástæða til að endurnýja þetta öldungis sjerstaka leyfi, er veitt var um vissan tíma, sem þá væri gjörður munur á innlendum og útlendum lausakaupmönnum, er varla mundi samkvæmur grundvallarreglum þeim, sem fylgt er í lögunum 15. apríl 1854, en á hinn bóginn getur þó, eftir þeim lögum, ekki komið til orða að leyfa útlendum verzlun annarstaðar en á hinum löggildu kaптúnum.

Þessa skoðun stjórnarinnar áleit jeg að ætti að gjöra herra amtmanni kunna sem konungsfulltrúa, ef að fyrirspurn kynni að vera gjörð um þetta mál á alþingi því, sem er fyrir hendi.

11. Brjef innanríkisráðherrans til hins konunglega landbústjórnarfelags um styrk til akuryrkjumanna.

30. apríl.

Í brjefi 14. þ. m. hefur hið konunglega landbústjórnarfelag skýrt frá, að það hafi látið koma Íslendingnum Ólafi Sveinsyni fyrir til að læra landbúnað hjá *Lund* sjálfseignarbónda á *Kallerupgaard*, og borið fram þá von sína, að stjórnin hjálpi

1855. honum, ef að hann þurfi meiri hjálpar hið fyrsta kennsluár sitt,
30. apríl. þar eð velnefnt fjelag geti ekki þetta ár haft meiri kostnað fyrir Ísland, en það þegar hafi tekizt á hendur.

Sökum þessa vil jeg ekki láta hjá líða, að skýra frá því, að alþingi það, er síðast var haldið á Íslandi, hafði í þegnsamlegastri bænarskrá sinni um búnaðarskóla á Íslandi lýst því yfir, að tilraunir þær, er stjórnin hafði gjört til að hjálpa ungum mönnum frá Íslandi, sem hefðu lagt sig eptir jarðyrkju í Danmörku, hefðu ekki komið að þeim notum, er óskandi hefði verið, sökum þess, að þegar menn þessir hefðu komið heim til Íslands aptur, hefðu þeir hvorki haft tækifæri á eða geta komið ár sinni svo fyrir borð, að þeir gætu kennt öðrum það er þeir hefðu sjálfir numið, og þykir stjórninni sökum þessa ekki ástæða fyrir sig að veita þess konar hjálp eptirleiðis, nema það sje sannað, að hlutaðeigandi eigi von á, þegar hann kemur aptur til Íslands, að fá hentugt jarðnæði.

30. apríl. **12. Brjef innanríkisráðherrans til stiptamtmannsins um skatt í Gullbringusýslu.**

Eptir að stjórnin hefur fengið álit herra stiptamtmannsins í þóknanlegu brjefi 2. febrúar næstl. um bónarbrjef er fylgði aptur með því, þar sem Þorsteinn bóndi Jónsson og fleiri í Rosmhvalaneshrepp í Gullbringusýslu kvarta yfir aðferð þeirri, sem höfð sje þar, þegar reikna skal hinn svo nefnda skatt, læt jeg ekki hjá líða þjónustusamlega að láta yður vita, að ekki getur orðið vikið frá reiknings aðferð þeirri, sem við tekin er um langan aldur, — að skatturinn í Gullbringusýslu er greiddur ekki einungis af lausafje út af fyrir sig heldur af því og fasteign saman lögðu, og er þessi reikningsaðferð staðfest með brjefi frá rentukammeri 30. september 1823, og er að öðru leyti engan veginn, eins og beiðendurnir virðast að gjöra ráð fyrir, sjerstök fyrir þá sýslu, að því leyti, sem fasteign er einnig talin með þegar skattur er reiknaður, heldur er hún við höfð alstadar á landi með ýmsum lítilfjörlegum breytingum —, fyr en gjörð er algjörleg breyting